

LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 2. TBL. 21. ÁRG. 2015



LAGADAGURINN 2015



SKORTUR Á SKILNINGI Á
UNDIRSTÖÐUATRÍÐUM
VIÐ MÁLSKOT



Af vettvangi félagsins

Þyrí Steingrímisdóttir:

Leiðari 4

Anna Lilja Hallgrímisdóttir:

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands 5

Nýr ritstjóri og ritnefnd 10

Jónas Þór Guðmundsson

Pistill formanns 24

Lagadagur

Haukur Örn Birgisson:

Á að lögvernda starfsheitið lögfræðingur? 6

Ingvi Snær Einarsson:

Tjáningarfrelsi - Hatursáróður, guðlast og lýðræðisleg umræða 8

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir:

Málstofa I: Tvíeðliskeningin, framsal fullveldis og eftirlit með fjármálafyrirtækjum 12

Margrét Gunnarsdóttir:

Málstofa II: Ábyrgð ráðherra og starfshættir í ráðuneytum 14

Guðríður Lára Þrastardóttir:

Málstofa III: Framtíðarskipan dómvalds 16

Sigríður Kristinsdóttir og Berglind Svavarsdóttir:

Málstofa IV: Umferðarréttur almennings 18

Eva Halldórsdóttir:

V: Örmálstofur 20

Þyrí Halla Steingrímisdóttir:

Lagadagurinn að kvöldi - í fylgd ritstjóra Lögmannablaðsins 22

Aðsent efni

Jón Steinar Gunnlaugsson:

Skortur á skilningi á undirstöðuatriðum við málskot 26

Á léttum nótum

Af Merði lögmanni 25

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:
Þyrí Steingrímisdóttir hrl.

RITNEFND:

Eva Halldórsdóttir hdl.
Guðríður Lára Þrastardóttir hdl.
Haukur Örn Birgisson hrl.
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMAÐUR:

Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:

Reimar Pétursson hrl., formaður.
Óttar Pálsson hrl., varaformaður.
Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl., ritari.
Berglind Svavarsdóttir hrl., gjaldkeri.
Árni Þór Þorbjörnsson hdl., meðstjórnandi.

STARFSMENN LMFÍ:

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Anna Lilja Hallgrímisdóttir lögfræðingur.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.
Dóra Berglind Torfadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:

Frá Lagadegi, m.a.: Davíð Þór Björgvins-
son, Róbert Spanó, Björg Thorarensen,
Páll Þórhallsson, Guðrún Sesselja
Arnadóttir og Páll Óskar Hjálmtýsson.

LJÓSMYNDARAR:

Eyrún Ingadóttir og Ingimar Ingason.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRA:

thyri@acta.is

PRENTVINNSLA:

Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Öflun ehf.
Sími 533 4440
ISSN 1670-2689



1975 | Bílabúð Benna | 2015



*Ríkulegur staðalbúnaður: 8 gira sjálfskipting, leðurinnrétting, rafdrifin þægindasæti fyrir bílstjóra og farþega, hiti í framsætum, Bi-Xenon ljós, 18" álfelgur, fullkomið hjómkerfi með 10 hátölurum, tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifinn afturhleri, skriðstillir, sportleðurstýri með aðgerðahnöppum o.m.fl.


Við hættum ekki að leika okkur af því við verðum gömul. Við verðum gömul af því að við hættum að leika okkur.

Nýr og spennandi Porsche Cayenne skartar nýju útliti sem m.a. sést í stærra grilli og Bi-Xenon framljósum til að undirstrika kraftmikið og sportlegt útlit bílsins. Stærsta breytingin er ný dieselvél sem vakið hefur mikla athygli. Cayenne er nú aflmeiri, togar meira og er hraðari í hundraðið - en eyðslan og útblásturinn eru samt umtalsvert minni.

Porsche Cayenne Diesel
Verð: 13.790 þús. kr.*



PORSCHE



Sumarið er tíminn

MAÍ OG JÚNÍ eru gjarnan erfiðir mánuðir fyrir lögmenn. Hið árlega réttarhlé er handan við hornið og bæði lögmenn og dómáramar keppast við að klára það sem klárað verður. Síðasta reglulega þingið fyrir réttarhlé er gjarnan viðamikil og þungu fargi létt af mörgum lögmönnum að ná að hreinsa borðið. Ansi margt má þó bíða fram á næsta vetur enda margar vikur síðan byrjað var að bóka aðalmedferðir í nóvember og jafnvel síðar. Jafnframt er byrjað að leggja línur fyrir lokun dómhúsa um allt land og styttingu opnunartíma Hæstaréttar yfir sumarmánuðina.

Fram kemur í umfjöllun hér í Lögmanna-bláinu um málstofu á Lagadeginum um framtíðarskipan dómvalds að einn framsögumanna lýsti göllum hins íslenska dómskerfis á þann veg að kerfið hefði veikan fjárhag, stjórnslan væri brotakernd, starfsöryggi settra dómara afleitt og þjálfun nýrra dómara engin.

Ef kíkt er inn á hina stórmerku heimasíðu www.ríkisreikningur.is má sjá að rekstrarfé Hæstaréttar árið 2013 (sem er síðasta birta árið á síðunni) var 227 milljónir, sem verður að teljast

hlægilega lágt miðað við þá starfsemi sem þar fer fram. Sýslumaðurinn á Eskifirði (að honum ólöstuðum) er frekari til fjárins með 268 milljónir. Héraðsdómstólarnir voru reknir fyrir rétt líðlega 1.300 milljónir árið 2013. Á sama ári var rekstrarfé þjóðkirkjunnar frá ríkinu tæpar 1.450 milljónir, svo nefnt sé dæmi um stofnun sem jafnframt heyrir undir innanríkisráðuneytið. Hver svosem endanlegur kostnaður verður við væntanlegt millidómstig verður aldrei um þannig fjárhæðir að tepla að það setji ríkisreikninginn á hliðina.

Brún þörf er á umbótum og rót vandans er ljós. Það vantar fjármagn inn í kerfið. Á Lagadeginum lýsti innanríkisráðherra þeirri skoðun sinni að dómskerfið væri fjársvelt. Hér eru því engin ný tíðindi á ferðinni og staðan á allra vitorði. En því miður virðist engin lausn í sjónmáli. Hið margumtalaða, og af mörgum langþráða, millidómstig virðist vera að afvegaleiðast inn í umræðu um skipan dómara en þess fyrir utan verður ekki séð að nægilegt fjármagn muni fylgja til að sómi verði af, a.m.k. ef eitthvað er að marka þær tölur sem nefndar hafa verið í fréttatutningi af málinu.

Þá getur það varla talist nægilegt til að styrkja stóðir dómkerfisins að smella einu dómstigi á milli héraðsdóms og Hæstaréttar. Brún þörf er á styrkingu innviða héraðsdómstólanna, eins og framsögumaður á Lagadeginum benti á og að framan er reifað. Dómáramar og aðstoðarmenn þeirra virðast vera að grafast undir í málaflóðinu og lítill tími er aflögu fyrir stjórnun, þróun, þjálfun og endurmenntun. Enginn virðist taka alvarlega hversu brýnt það er að stjórnslan og grunnskipulagið sé í lagi en hvorutveggja er í dag fjársvelt og veikburða. Okkur lögmönnum er annt um réttarríkið og teljum okkur þjóna réttarins. Við verðum því að leggjast á árarar með dómstólunum enda eru það okkar skjólstæðingar sem bera hallann af ástandinu þegar öllu er á botninn hvolft. Allt ber þetta að sama brunni. Fjármagnið vantar. Kannski ættum við því að fagna minna og hætta að anda léttar þegar réttarhléið byrjar og spyrja okkur: Er það hreinlega boðlegt að loka sjoppunni í tvo mánuði á ári sökum fjárskorts?



Aðalfundur Lögmannafélags Íslands

AÐALFUNDIR LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS og félagsdeildar LMFÍ 2015 voru haldnir þriðjudaginn 26. maí s.l. á Hilton Reykjavík Nordica. Auk venjubundinna aðalfundarstarfa voru samþykktar tillögur um breytingu á siðareglum lögmanna og hækkun árgjalds. Þá voru staðfestar reglur um eftirlit með innheimtustarfsemi lögmanna og þrír mætir lögmenn gerðir að heiðursfélögum.

Skýrsla stjórnar

Jónas Þór Guðmundsson hrl., fráfarandi formaður, kynnti skýrslu stjórnar og gerði stuttlega grein fyrir þeim málum sem verið hafa í brennidepli innan félagsins á liðnu starfsári. Að því loknu gerði Ingimar Ingason framkvæmdastjóri grein fyrir ársreikningi félagsins vegna ársins 2014. Niðurstaða af rekstri félagsins í heild var neikvæð um 3.6 milljónir króna en tap aðaldeildar var tæplega 4.9 milljónir á móti hagnaði félagsdeildar um 1.3 milljónir. Framkvæmdastjórinn fjallaði jafnframt um einstaka rekstrarliði sem tóku eftirtektarverðum breytingum á milli ára.

Skerpt á samskiptum lögmanna við vitni

Samþykkt var tillaga laganefndar um breytingu á 21. gr. siðareglna lögmanna sem skerpir á samskiptum lögmanna við vitni. Tillagan gerir ráð fyrir nýrri málsgrein - 3. mgr. - um heimild lögmanns til að hafa samband við vitni í máli til að kanna hvað það getur borið um atvik og gera því kleift að búa sig undir vitnaleiðslu. Sé um að ræða vitni sem eru í sérstökum tengslum við gagnaðila er lögmanni gert skylt

að tilkynna lögmanni gagnaðila áður en haft er samband við vitnið, ef þess er nokkur kostur, en ella jafn skjótt og kostur er. Hafi lögmaðurinn samband við vitni ber honum að gæta viðeigandi tillitssemi og forðast að hafa áhrif á framburð vitnisins.

Reglur um eftirlit með innheimtustarfsemi lögmanna

Þá var tillaga um staðfestingu reglna um eftirlit með innheimtustarfsemi lögmanna lögð fyrir fundinn og samþykkt en stjórn félagsins hafði áður samþykkt reglurnar sem byggja á 4., sbr. 3. mgr. 15. gr. innheimtulaga nr. 95/2008.

Hækkun árgjalds

Að endingu var samþykkt tillaga um hækkun árgjalds til skyldubundna hlutans úr 49 þúsund krónum í 51 þúsund fyrir árið 2016.

Nýr formaður

Reimar Pétursson hrl. gaf einn kost á sér til formennsku og var hann kjörinn formaður félagsins til eins árs. Í aðalstjórn til næstu tveggja ára voru kosin þau Berglind Svavarsdóttir hrl. og Árni Þór Þorbjörnsson hdl. en auk þeirra sitja áfram í stjórn þeir Óttar Pálsson hrl. og Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl. Í þriggja manna varastjórn voru kjörin þau Þórdís Bjarnadóttir hrl., Heiðrún Jónsdóttir hdl. og Arnar Þór Stefánsson hrl. Gústaf Þór Tryggvason hrl. og Othar Örn Petersen hrl. voru endurkjörin skoðunarmenn og Þorbjörg I. Jónsdóttir hrl. til vara. Í laganefnd voru kjörin Grímur Sigurðarson hrl., Eiríkur S. Svavarsson hrl., Marta Margrét Ö. Rúnarsdóttir hdl., Stefán Andrew

Svensson hrl., Erla Pétursdóttir hdl., Einar Farestveit hdl. og Hildur Ýr Viðarsdóttir hdl. Í stjórn námssjóðs voru kjörin Erla S. Árnadóttir hrl., Áslaug Árnadóttir hdl., Þórólfur Jónsson hrl. og Finnur Magnússon hdl.

Kosning þriggja heiðursfélaga

Á aðalfundinum voru kjörin þrír heiðursfélagar Lögmannafélagsins, þeir Helgi V. Jónsson hrl., Jakob R. Möller hrl. og Jóhann H. Nielsson hrl. Allir hafa þeir unnið við góðan orðstír að lögmennsku í fjölda ára og sinnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir félagið.

Helgi V. Jónsson hefur starfað við lögmennsku í 54 ár en hann fékk héraðsdómslögmannsréttindi árið 1961 og hæstaréttarlögmannsréttindi árið 1976. Hann sat í stjórn LMFÍ 1979-1982, var varaformaður 1980-1981 og formaður 1981-1982. Þá var hann varamaður í stjórn 1977-1979.

Jakob R. Möller fékk héraðsdómslögmannsréttindi árið 1991 og hæstaréttarlögmannsréttindi árið 1995. Hann sat í stjórn félagsins 1996-2000, var varaformaður 1998-1999 og formaður 1999-2000. Þá sat hann í laganefnd 2000-2002.

Jóhann H. Nielsson fékk héraðsdómslögmannsréttindi árið 1965 og hæstaréttarlögmannsréttindi árið 1973. Hann sat í stjórn LMFÍ 1981-1983, var varaformaður 1981-1982 og formaður 1982-1983. Þá sat hann í stjórn námssjóðs 1990-2004.

Anna Lilja Hallgrímsdóttir



Alda Hrönn Jóhannsdóttir stýrði rökstólum um hvort lögvernda eigi starfsheitið lögfræðingur.



Rökstólarnir fyrir hádegi voru öllum opnir og mætti á þriðja hundrað manns.

Á að lögvernda starfsheitið lögfræðingur?

LAGAÐEGINUM Í ÁR var ýtt úr vör með málstofu um lögverndun starfsheita. Sest var á rökstólana um morguninn og var þetta fyrsti liður í þéttri dagskrá Lagadagsins.

Mæting á fundinn var afar góð – fullur salur lögfræðinga sem mættir voru til að hlýða á erindi þriggja framsögumanna, þeirra Kristjáns Andra Stefánssonar, formanns Lögfræðingafélagsins, Jónasar Þórs Guðmundssonar, formanns Lögmannafélagsins og Ingibjargar Þorsteinsdóttur, varaformanns Dómarafélagsins. Alda Hrönn Jóhannsdóttir, formaður Stéttarfélags lögfræðinga, stýrði fundinum.

Í upphafi fór fundarstjóri yfir nokkrar áhugaverðar staðreyndir frá undanförunum árum, svo sem þær að á hverju ári útskrifast 130 einstaklingar úr lagadeildum háskóla landsins auk þess sem 50% fleiri karlar en konur sækja sér hdl-réttindi þrátt fyrir að konur séu 15% fleiri en karlar sem útskrifast úr

laganámi. Vegna hinnar miklu fjölgunar í stétt lögfræðinga undanfarin ár hefur umræðan um nauðsyn lögverndunar vaxið jafnt og þétt. Þá benti fundarstjóri á að langflestar akademískar stéttir njóti lögverndunar á Íslandi.

Flestir meðmæltir lögverndun

Fyrirfram mátti gera ráð fyrir því að flestir fundarmenn, þ.m.t. framsögumenn, væru þeirrar skoðunar að lögverndunar sé þörf, jafnvel nauðsyn. Það fékkst staðfest þegar fundarstjóri gerði óformlega könnun á meðal fundarmanna þar sem í ljós kom að einungis þrír fundarmenn sögðust mótfallnir lögverndun starfsheitisins.

Óásættanleg staða á markaði

Umræðu fundarins má til einföldunar skipta í tvennt. Annars vegar álitafninu hvort allir megi kalla sig lögfræðinga, óháð menntun, og hins vegar hversu miklu laganámi einstaklingur þurfi að ljúka til að mega kalla sig lögfræðing.

Síðara álitafnið fékk mun meiri athygli, enda lang flestir fundarmenn sammála um hið fyrra.

Jónas Þór tók fram í upphafi síns erindis að umræðan um lögverndun væri nátengd skipan laganáms. Hins vegar nálgadist Jónas umfangsefnið aðallega út frá neytendasjónarmiðum og sjónarhorni lögmannsins. Hann taldi það ótæka stöðu að hver sem er geti auglýst lögfræðipjónustu til sölu til almennings, hvort sem það væru algjörlega réttindalausir aðilar eða fyrirtæki í eigu lögfræðinga sem hefði fólk í vinnu sem ekki hefði hlotið lagamenntun. Sem dæmi nefndi hann aðila sem bjóða upp á lögfræðipjónustu á netinu en í mörgum tilvikum lægi ekkert fyrir um það hver væri raunverulega að veita ráðgjöfina. Jónas taldi fólk almennt ekki gera greinarmun á aðilum sem veita lögfræðipjónustu og við þessu ástandi yrði að bregðast. Tók hann dæmi um það að á lögmonnum hvíla alls kyns kvaðir sem ekki hvíla á öðrum sem veita



Ingibjörg Þorsteinsdóttir og Jónas Guðmundsson.

samskonar ráðgjöf. Hvort sem lítið væri á málið út frá neytendasjónarmiðum eða fagsjónarmiðum lögmansstéttarinnar væri þetta ósættanleg staða sem myndast hefur á íslenskum markaði.

Skólum treystandi

Ingibjörg nálgast viðfangsefnið einkum út frá akademískum sjónarhóli. Hún tók reyndar undir áhyggjur Jónasar Þórs og taldi mjög varhugavert ef aðilar án

lagamenntunar væru að bjóða upp á lögfræðiþjónustu og yrði því að nálgast löggjöf um lögverndun út frá neytendasjónarmiðum. Hún taldi aftur á móti ekki réttlætanlegt að lögvernda starfsheitið í því skyni að stýra því „... hvernig háskólar kenni lögfræði eða nákvæmlega hvaða greinar lögfræði þeir kenna. Það er bara fráleit hugmynd og gengur ekki upp í því lagaumhverfi sem háskólarnir búa við í dag,“ eins og hún orðaði það. Ingibjörg hafði sterkar skoðanir á því að löggjafinn ætti sem minnst að skipta sér að uppsetningu laganáms enda væri skólunum sjálfum vel treystandi til að setja upp fjölbreytilegt og fullnægjandi laganám.

Greinarmunur á lögverndun og löggildingu

Kristján Andri tók í nokkuð annan streng en Ingibjörg. Hann taldi mikilvægt að skilagreina vel í hverju laganám ætti að felast ef lögverndun starfsheitis lögfræðinga verður að veruleika. „Ef það kemur til greina að ráðast í að lögvernda starfsheitið lögfræðingur þá finnst mér það aldrei koma til greina án þess að gera líka ákveðnar kröfur til fullnaðarnámsins,“ sagði hann. Kristján

benti einnig á að mikilvægt væri að gera greinarmun á löggildingu starfsréttinda og lögverndun starfsheita. Í lögverndun starfsheitis sé eingöngu fólgin rétturinn til að bera ákveðið starfsheiti en því fylgja ekki endilega ákveðin starfsréttindi nema fleira komi til. Tók hann arkitekta sem dæmi. Þannig gætu ekki aðrir arkitektar áritað teikningar til byggingarfulltrúa en þeir sem hefðu fengið sérstakt leyfi til þess. Samskonar sjónarmið ættu við um lögfræðinga sem sækja sér réttindi til málflyttings fyrir dómstólum.

Fróðleg málstofa

Umræður á fundinum snerust að miklu leyti um ólíkar kröfur til laganáms ef til lögverndunar starfsheitisins á að koma. Ólík sjónarmið fundarmanna komu fram og reyndist málstofan hin fróðlegasta fyrir vikið. Eins og áður segir virtist salurinn mjög sammála um nauðsyn lögverndunar þótt áherslumunur kunní að vera á útfærslunni.

Haukur Örn Birgisson hrl.



Stór verk - lítið mál



Skemmuvegi 4 // Sími 540 1800 // www.prent.is



Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Iceland

(+354)520 2050
advel@advel.is
advel.is

ADVEL LÖGMENN ERU

- Anton Björn Markússon hrl.
- Davíð Örn Sveinbjörnsson LL.M. | hdl.
- Faney Finnsdóttir lögfræðingur
- Guðmundur Siemsen hdl.
- Gunnlaugur Úlfsson hdl.
- Hrafnhildur Kristinsdóttir LL.M. | hdl.
- Jóhanna Katrín Magnúsdóttir LL.M. | hdl.
- Jón Ögmundsson JD | hrl.
- Kristinn Hallgrímsson hrl.
- Linda Fanney Valgeirsdóttir hdl.
- Margeir Valur Sigurðsson hdl.
- Ragnheiður Þorkeldsdóttir hdl.
- Sigrún Helga Jóhannsdóttir hdl.
- Sigurður Valgeir Guðjónsson hdl.
- Snorri Stefánsson hdl.
- Stefán Þór Ingimarsson LL.M. | hdl.
- Telma Halldórsdóttir MA | hdl.
- Valgerður B. Eggertsdóttir LL.M. | hdl.
- Þórdís Bjarnadóttir hdl.

Tjáningarfrelsi – Hatursáróður, guðlast og lýðræðisleg umræða

AÐALMÁLSTOFA LAGADAGSINS í ár var helguð umfjöllun um tjáningarfrelsi sem telst einn af hornsteinum lýðræðissamfélagsins. Stjórnandi málstofunnar var Davíð Þór Björgvinsson fyrrverandi dómari við Mannréttindadómstól Evrópu en fyrirlesarar voru Róbert Spanó dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, Björg Thorarensen prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og Páll Þórhallsson skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu og kennari í fjölmiðlarétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Breski lögmaðurinn Ben Emmerson átti upphaflega að vera aðalræðumaður á málstofunni en hann forfallaðist hins vegar með skömmum fyrirvara.



F.v.: Davíð Þór Björgvinsson, Róbert Spanó, Björg Thorarensen og Páll Þórhallsson.

Dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu

Róbert Spanó fjallaði í fyrirlestri sínum um dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) í málum er varða tjáningarfrelsi og hatursáróður. Róbert vísaði í upphafi til þess hvernig Mannréttinasáttmálinn varð til og að tjáningarfrelsinu yrði að setja ákveðin mörk, nefnilega þau að það mætti ekki ganga svo langt að það rústaði því grunnkerfi sem það byggði á, þ.e. lýðræðinu. Þar af leiðandi hefði í dómum MDE komið fram að tjáningarfrelsinu mætti setja ákveðnar skorður, s.s. banna tjáningu sem miðar að því að upphæfja eða réttlæta hatur sem byggir á umburðarleysi, þar á meðal trúarlegu umburðarleysi.

Róbert áréttaði að Mannréttinasáttmálinn mælti fyrir um lágmarksvernd mannréttinda en að aðildarríkin gætu kveðið á um ríkari vernd en leiðir af sáttmálanum. Róbert rakti því næst gildissvið 10. gr. MSE og það samspil sem á sér stað á milli 10. og 17. gr. sáttmálans. Fyrirnefnda ákvæðið mælir fyrir um tjáningarfrelsi á meðan hið síðarnefnda felur í sér bann við að eyða réttindum og frelsi sem mælt er fyrir um í sáttmálanum eða takmarka þau umfram það sem samningurinn kveður á um. Hvernig ber þá að fara með tjáningu sem styður eða hvetur til haturs eða misréttis gagnvart einstaklingi eða hópi manna? Hér væri hægt að beita 10. gr. sáttmálans, þ.e. sama hversu alvarleg tjáningin er þá fellur hún undir 1. mgr. 10. gr. og síðan er svigrúm aðildarríkis þeim mun meira eftir því sem alvarleikinn er meiri. Hin aðferðin væri sú að tjáningin



einfaldlega nýtur engrar verndar vegna 17. gr. MSE. Niðurstaða dómstólsins í slíkum tilvikum er að kæra þess sem refsað hefur verið vegna slíkrar tjáningar fær ekki efnismeðferð og er vísað frá dómstólnum. 17. gr. MSE hefur hins vegar í framkvæmd dómstólsins verið túlkuð mjög þröngt og tjáning í formi hatursáróðurs hefur sjaldan verið beitt í slíkum málum.

73. gr. stjórnarskrárinnar túlkuð með hliðsjón af 17. gr. MSE?

Róbert taldi ekkert því til fyrirstöðu að ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar yrði túlkað í ljósi 17. gr. MSE, jafnvel þótt slíkt ákvæði væri aðeins að finna í almennum lögum. Með því gæti niðurstaðan orðið sú að íslenskir dómstólar teldu að tiltekin tjáning nyti ekki verndar 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar í ljósi 17. gr. MSE. Engir íslenskir dómur styðja þessa skoðun dómans en hann vísaði til þess að þessari aðferðarfræði hefði verið beitt í ýmsum öðrum aðildarríkjum sáttmálans.

Hvað er hatursáróður samkvæmt dómaframkvæmd MDE?

Hatursáróður hefur verið flokkaður í dómum MDE sem áróður gegn kynþætti, trúarbrögðum, kynhneigð og þjóðerni eða menningarlegum uppruna. Viðmið við greiningu á því hvort um væri að

ræða hatursáróður í skilningi MSE væri einkum hvert væri samhengi tjáningarinnar, markmið eða tilgangur, hver væri staða gerandans og að lokum hvert væri form og áhrif tjáningar.

Dómstóllinn hefur hingað til verið mjög tregur til að fella hvatningu til ofbeldisverka undir brot gegn rétti til tjáningarfrelsis. Undanfarið hafa dómur hins vegar spurt hvort hætta hafi verið til staðar í slíkum tilvikum. Var um tilefnislaust hjál að ræða sem sett var fram á bloggsíðu eða í kommentakerfi? Eða var um nærlæga hætta á ofbeldisverkum að ræða? Ákall um ofbeldisverk kunna einnig að vera „symbolísk“. Voru ummæli í búsáhaldaþyngingunni þess eðlis að fella mætti undir 17. gr. MSE eða var eðlilegra að líta á þetta sem mjög hvöss ummæli í harðri þjóðfélagsdeilu sem tilefni var til að viðhafa? Ríkari tilhneiging er hjá MDE í dag að sýna slíkum ummælum meira umburðarlyndi í þessa veru.

Ef tjáning er hluti af pólitískri umræðu þá er dómstóllinn frekar tregur til að fallast á skerðingu á slíkri tjáningu, jafnvel þótt hún kunnir að ganga mjög langt. Í þessu sambandi nefndi Róbert mál Leroy gegn Frakklandi þar sem gert var grín að hryðjuverkunum 11. september 2001 í teiknimynd og ummælum í blaði 13. september 2001. Í því tilfelli var ekki beitt 17. gr. heldur réttmætri skerðingu á grundvelli 2. mgr. 10. gr. MSE.

Trúarbrögð og hatursáróður

Athyglisverð þróun hefur átt sér stað á þessu sviði sem íslenskir dómstólar og lögfræðingar verða að kunna skil á. MDE hefur skilgreint guðlast í þrengri og rýmri merkingu. Guðlast í þrengri merkingu felur í sér tjáningu sem dregur dár að eða smáan guði viðkomandi trúarbragða eða megintákn þeirra (e. blasphemy). Guðlast í rýmri merkingu beinist hins vegar að trúarkenningum eða fylgjendum tiltekinna trúarbragða, sem einstaklingum eða stofnun (e. religious insult). Mat 2. mgr. 10. gr. MSE er ólíkt eftir því hvort um er að ræða tjáningu í rýmri eða þrengri merkingu. Róbert vísaði til þess að hér hafi orðið nokkur breyting á framkvæmd dómstólsins. Það þurfi því að vera meiri kröfur um alvarleika tjáningar að formi og efni til í dag en áður. Að lokum velti Róbert því fyrir sér hvort hefði verið réttara að fella ummælin í málinu „Hvíta Ísland“ undir gildissvið 17. gr. MSE og þau nytu því ekki verndar 10. gr. sáttmálans.

Á að refska eða rökræða?

Næst tók til máls Björg Thorarensen og fjallaði hún um hvernig bann við hatursáróðri birtist í íslenskum refsilögum og framkvæmd þess. Lítið hefur reynt á það hér á landi en talsverð dómaframkvæmd er hins vegar til á Norðurlöndunum. Ýmis teikn eru á lofti um breytingar á íslenskri samfélagsumræðu sem er



Róbert Spanó.

fordómafyllri í garð tiltekinna hópa, s.s. vegna byggingar mosku og gegn samkynhneigðum.

Björg nefndi að hugtakið hatursáróður (e. hate speech) sé ekki skýrt skilgreint í íslenskum eða erlendum rétti. Samkvæmt samþykkt ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 1997 væri hugtakið skilgreint sem öll sú tjáning sem dreifir, hvetur til, stuðlar að eða réttlætir kynþáttahatur, útlendingahatur, gyðingahatur eða annars konar hatur sem byggist á umburðarleysi sem birtist m.a. í óvæginni þjóðernishyggu, mismunun og fjandskap gegn minnihlutahópum, farandverkafólki og fólki af erlendum uppruna.

Öll hatursorðræða er refsiverð samkvæmt 233. gr. a almennra hegningarlaga auk þess sem 27. gr. fjölmiðlalaga bannar hatursáróður og lítur sérstaklega að skyldum fjölmiðla. Björg fór nánar yfir uppruna og efni ákvæðis 233. gr. a í almennum hegningarlögum ásamt því að rekja þær breytingar sem hafa orðið á efni þess. Meðal þeirra breytinga sem

hafa verið gerðar eru að verknaðarlýsing hefur verið rýmkuð nokkuð sem og verndarandlag en til dæmis eru bæði kynhneigð og kynvitund þar undir. Þá var vísað til þess að bæði einstaklings- og almannahagsmunir réttlæti slíka takmörkun á tjáningarfrelsinu, s.s. réttindi einstaklinga til friðhelgi einkalífs, en samfélagslegir hagsmunir snúi einkum að því að slíkur hatursáróður grafi undan samstöðu í þjóðfélaginu og er undirrót ofbeldisbrota.

Erfitt að túlka ákvæði 233. gr. a, einkum í ljósi þess hversu lítið er fjallað um sérstöðu slíkra takmakana á tjáningarfrelsi í lögskýringargögnum. Í raun er aðeins við ákvæði 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar að styðjast, þ.e. skorður við tjáningarfrelsi manna þurfi við að vera nauðsynlegar og samrýmast lýðræðishefðum. Þess vegna þurfi að leita leiðbeininga frá túlkun MDE í þeim tilvikum þegar heimilt hefur verið að takmarka hatursáróður í ljósi 10. gr. MSE. Í þessu sambandi vísaði Björg til nýlegs dóms MDE í máli Vejdeland o.fl. gegn Svíþjóð. Í málinu höfðu kærendur málsins verið sakfelldir og fengið skilorðsbundið fangelsi fyrir móðgandi og smánandi ummæli og árás á samkynhneigða. Í niðurstöðu MDE var talið að samspil ýmissa þátta lægi til grundvallar þeirri niðurstöðu að ekki var talið um brot á 10. gr. MSE að ræða. Meðal þeirra atriða sem dómstóllinn leit til voru efni ummælanna og í hvaða samhengi þau birtust, að efninu hefði verið þröngvað upp á menntaskólanemendur og að refsing hefði verið hófleg.

Íslensk réttarframkvæmd

Íslensk réttarframkvæmd er mjög fábrotin og felst í raun aðeins í Hæstaréttardómi í máli nr. 461/2001 (Hvíta Ísland). Björg nefndi að lögregla væri mjög varkár í meðferð sinni á málum vegna hatursáróðurs enda hefur aðeins verið ákært í þessu eina máli. Ummælin sem var ákært fyrir voru niðrandi ummæli

um Afrikubúa og var talið að um brot á 233. gr. a almennra hegningarlaga hefði verið að ræða, einkum með þeim rökum að um órökstuddar alhæfingar væri að ræða þar sem leitast hefði verið að upphefja hvíta menn á kostnað manna af öðrum litarhætti með háði, rógi og smánun. Þá hefði slíkur málflutningur verið settur fram í nafni Félags íslenskra þjóðernissinna sem hefði það markmið að kynda undir kynþáttarfordómum.

Að lokum nefndi Björg tvö nýleg dæmi um ummæli og athafnir á opinberum vettvangi þar sem við fyrstu sýn væri að ræða smánun og róg gegn tilteknum hópi manna. Fyrri dæmið voru mótmæli gegn byggingu mosku á lóð sem Reykjavíkurborg úthlutaði til félags múslima í Sogamýri. Málið var kært til lögreglu sem hætti rannsókn og var sú ákvörðun ekki kærð til ríkissaksóknara. Síðara dæmið fólst í smánandi og hatursfullum ummælum um samkynhneigða og á grundvelli slíkra ummæla hafa samtökin 78 kært tíu nafngreinda einstaklinga fyrir brot gegn ákvæði 233. gr. a almennra hegningarlaga. Björg nefndi nokkur sjónarmið sem hún teldi benda til skilsmunar á slíkum ummælum og þeim sem talið var heimilt að refsa fyrir í máli Vejdeland o.fl. gegn Svíþjóð. Meðal þess sem horfa þyrfti til væri að hér hefðu ummælin verið sett fram í samfélagsumræðu, í ádeilu um ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Ekki hafi verið um að ræða skipulagða áróðursstarfsemi heldur ummæli einstaklinga úr ýmsum áttum auk þess sem um hefði verið að ræða skoðanaskipti á opinberum vettvangi, m.a. í beinum útvarpssendingum og upplýsingabyltingin kalli mögulega á endurhugsun á því hvenær menn eru að birta skoðanir sínar opinberlega.

Niðurstaða Bjargar var á þá grund að texti 233. gr. a almennra hegningarlaga væri of fábrotinn til að skera úr um hvað væri leyfilegt og bannað að segja opinberlega. Það þyrfti því að skoða öll slík ummæli með hliðsjón af samhengi



Aðalmálstofuna sátu um 470 manns.



og öðrum kringumstæðum en ekki bara ummælin sjálf. Þá er ljóst að horfa þarf til fyrirmæla stjórnarskrárinnar í þessum efnum og fylgja túlkunum MDE. Að lokum velti Björg því upp hvort farsælla væri frá sjónarhóli lýðræðis að takast á við hatursorðræðu og fordóma með opnum skoðanaskiptum og rökstuddum andsvörum.

Hatursorðræða í fjölmiðlum

Síðastur tók til máls Páll Þórhallsson sem fjallaði um hatursorðræðu í fjölmiðlum og réttindi og skyldur fjölmiðla. Hann nálgadist viðfangsefnið út frá pólitískum og sögulegum forsendum sem og lögfræðilegum. Páll vísaði til nokkurra sögulegra dæma þar sem fjölmiðlar hafa verið nýttir til að setja fram áróður gegn ákveðnum hópum, s.s. í Þýskalandi nasismans og í Þjóðernishreinsunum í Rúanda árið 1994.

Páll nefndi þann flókna veruleika sem við lifum við þar sem sjónvarpsstöðvar starfa þvert á landamæri og netið hefur opnað flóðgáttir óheftrar tjáningar þar sem allir geta gert athugasemdir á fréttir á netmiðlunum.

Meginreglan varðandi tjáningarfrelsið er sú að mönnum er frjálst að tjá sig án ritskoðunar en þeir þurfa að sæta ábyrgð eftir á. Í fjölmiðlalögum er að finna ákveðin form ritskoðunar, s.s. með leyfisveitingum til ljósvakamiðla

og heimild til að stöðva útsendingar frá öðrum löndum sem kynda undir hatri. Þá vísaði hann til 27. gr. fjölmiðlalaga sem væri af sama meiddi og 233. gr. a almennra hegningarlaga. Páll vakti þó athygli á því að óljóst væri hvort fjölmiðlanefnd hefði fullnægjandi heimildir til að beita ákvæðinu. Önnur sjónarmið eru meðal annars sjónarmið sem varða sérstöðu fjölmiðla s.s. því hlutverki þeirra að vera „varðhundur almennings“, þ.e. að þeim ber að fjalla um málefni sem varða almenning s.s. um að öfgafull viðhorf séu að skjóta rótum. Einnig eru gerðar misstrangar kröfur til fjölmiðlaefnis eftir því í hvaða formi það er sett fram, t.d. eru gerðar strangari kröfur til ljósvakamiðla en netmiðla. Í 26. gr. fjölmiðlalaga væri að finna ákvæði sem vísaði til grunngilda fréttamennsku um hlutlægni og nákvæmni í fréttum ásamt því að mismunandi sjónarmið komi fram. Páll fór einnig yfir sjónarmið sem varða stuðning ríkisvaldsins við að fjölmiðlar þrói eigið ábyrgðarkerfi, skilvirkt og lagalegt ábyrgðarkerfi og mikilvægi sjálfstæðis stjórnvalda á þessu sviði, s.s. með stofnun fjölmiðlanefndar hér á landi. Þá væri alþjóðlegt samstarf mikilvægt sjónarmið í þessum efnum til að hægt væri að átta sig á beitingu reglnanna og til að læra af því hvernig önnur lönd hafa tekist á við nýjar áskoranir.

Umræður í lokin

Að þessu loknu var opnað fyrir spurningar úr sal og urðu nokkuð líflegar umræður hjá fundargestum. Í tilefni af spurningu sem beint var til Bjargar Thorarensen í tengslum við hvort að rökræða væri svarið við hatursfullri umræðu, þá áréttaði hún að hennar fókus hefði einkum verið að gagnrýna hversu lítil leiðbeining væri fólgin í ákvæði 233. gr. a almennra hegningarlaga.

Einnig var farið yfir hvernig skýra bæri það ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um að ábyrgjast verði ummæli fyrir dómi og hvernig það fari saman við heimildir fjölmiðlanefndar um sektargreiðslur. Var nefnt í því sambandi að ákvæðið yrði að skýra á þann veg að undir það félli einnig sektarákvarðanir fjölmiðlanefndar en að mönnum gæfist að sjálfsögðu kostur á að skjóta slíkum ákvörðunum til dómstóla.

Ingui Snær Einarsson bdl.



Davíð Þór Björgvinsson.



Arnaldur Hjartarson.

Málstofa I: Tvíeðliskenningin, framsal fullveldis og eftirlit með fjármálafyrirtækjum

MÁLSTOFUNA SAT FULLUR salur af áhugasömum lögmönnum, lögfræðingum, saksóknurum og dómurum. Framsögumenn voru Davíð Þór Björgvinsson prófessor við Háskóla Íslands og Háskólann í Kaupmannahöfn og Arnaldur Hjartarson sérfræðingur við Lagastofnun Háskóla Íslands en Áslaug Árnadóttir hdl. hjá Landslögum stjórnaði málsstofunni.

Götótt tvíeðliskenning

Davíð Þór fjallaði um erlend áhrif á íslenskan rétt og tvíeðliskenninguna sem felur í sér að reglur þjóðarréttar gilda ekki sjálfkrafa heldur verður að innleiða þær sérstaklega. Hann velti upp þeirri spurningu hvaða svigrúm löggjafinn hefur til að framselja löggjafarvald til alþjóðastofnana en 2. gr. stjórnarskrárinnar

fjallar um að valdið skuli vera innlent. Þá felur ákvæði 21. gr. stjórnarskrárinnar í sér að gerð þjóðréttarsamninga sem fara gegn stjórnarskránni séu ekki heimil.

Til samanburðar benti Davíð á að í stjórnarskrá Noregs er heimilt samkvæmt 33. gr. að framselja vald til alþjóðastofnana. Hér á landi er framsalið hins vegar byggt á viðmiðum sem mótast hafa í framkvæmd. Á sumum sviðum hefur farið fram full innleiðing, sbr. mannréttindasáttmála Evrópu sem varð að lögum nr. 62/1994. Einnig hafa alþjóðasáttmálar verið innleiddir með þeim hætti að allar breytingar sem á þeim verða eftir innleiðinguna hafa sjálfkrafa fengið gildi og hefur slíkt verið látið átölulaust. Í enn öðrum tilvikum er vísað í þjóðarrétt í lögnum sbr. lög um pósthjónustu nr. 19/2002. Niðurstaða Davíðs Þórs var sú að „í prinsippinu

fylgjum við tvíeðliskenningunni en hún er jafn götött og svissneskur ostur“.

Framsál valds og fjármálafyrirtækin

Arnaldur Hjartarson fjallaði um nýtt og breytt kerfi í fyrirkomulagi fjármálaeftirlits á EES-svæðinu sem felur í sér að vald verður framselt til stofnana Evrópusambandsins sem aftur þýðir bein og íþyngjandi réttaráhrif gagnvart íslenskum fjármálafyrirtækjum.

Arnaldur vísaði til álitgerðar Bjargar Thorarensen og Stefáns Más Stefánssonar frá 25. apríl 2012 um málið en þar segir m.a.:

Innleiðing ákvæða reglugerða ESB nr. 1093, 1094 og 1095/2010, um heimildir þriggja evrópskra eftirlitsstofnana á fjármálamarkaði



Málstofuna sátu um 70 manns.

til að taka bindandi ákvarðanir gagnvart íslenskum eftirlitsstofnunum og bindandi ákvarðanir sem bafa bein og íþyngjandi réttaráhrif gagnvart íslenskum fjármálaafyrirtækjum, er báð annmörkum með tilliti til íslensku stjórnarskrárinnar. Í þeim felst yfirþjóðlegt vald eftirlitsstofnana þar sem þátttökuréttur Íslands í ákvörðunum er ekki tryggður og ekki um gagnkvæmni að ræða varðandi réttindi og skyldur aðildarríkjanna eða aðila innan þeirra. Með innleiðingu gerðanna yrði stigið skrefi lengra í framsali framkvæmdarvalds og dómsvalds en áður hefur verið fallist á að rúmist innan 2. gr. stjórnarskrárinnar, enda samrýmist hugsanleg innleiðing reglugerðanna ekki fyrri viðmiðum um afmarkað framsal á ríkisvaldi á takmörkuðu sviði. Í ljósi þessa teljum við að framsalið rúmist ekki innan venjulegaðrar reglu um að almenna löggjafanum sé heimilt

að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli til alþjóðastofnana.

Jafnframt kom fram í álitum þeirra Bjargar og Stefáns Más að hægt væri að tryggja lausn á ofangreindum annmörkum með því að nota tveggja stöða kerfi EES-samningsins gagnvart Íslandi. Sú lausn virðist vera í sjónmáli en á fundi fjármálaráðherra EES og ESB ríkjanna, sem haldinn var 14. október 2014, náðist samkomulag um að allar bindandi ákvarðanir gagnvart EES/EFTA-ríkjunum þremur, Íslandi, Noregi og Liechtenstein, verði teknar af Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og að hægt verði að bera þær undir EFTA-dómstólinn.

Áhugaverðar umræður

Í lok málstofunnar sköpuðust áhugaverðar umræður um hvort æskilegt væri að setja heimildarákvæði inn í stjórnarskrána. Einnig var rætt um

vald dómstóla og svigrúm löggjafans, pólitíska viðkvæmni þegar að kemur að umræðu um fullveldi, ákvarðanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og að lokum hvernig túlka á 21. gr. stjórnarskrárinnar.

Málstofan var mjög áhugaverð og það var gott að sjá hve margir láta sig málefnið varða enda að mati undirritaðrar mikilvægt að vel sé vandað til fjármálaeftirlits og að ekki komi upp vafi um réttmæti þeirra ákvarðana sem byggt er á. Að lokum má svo geta þess að þeir sem völdu sér þessa málstofu unnu í „málsstofu lottóinu“ því tímasetningarnar stóðust fullkomlega og á Áslaug Árnadóttir bestu þakkir skyldar fyrir góða fundarstjórn.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmadóttir,
LL.M, bdl.,



Trausti Fannar Valsson.



Málstofuna sátu 90 manns.

Málstofa II: Ábyrgð ráðherra og starfshættir í ráðuneytum

UNDIRRITUÐ STARFAR SEM sérfræðingur í þeirri deild norska Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem fer með samkeppnismál, ríkisstyrki og opinber innkaup. Ég hafði hlakkað mikið til rökstólanna og til þess að heyra meira um starfshætti lögfræðinga í íslenska Stjórnarráðinu, samspilið milli þeirra, ráðherra og aðstoðarmanna og hvað væri efst á baugi í umræðunni.

Stjórnandi málstofunnar var Kristján Andri Stefánsson, skrifstofustjóri laga- og stjórnsýsluskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og fórst honum stjórnin vel úr hendi. Þátttakendur voru með víðtæka reynslu og þekkingu á sínu sviði. Það voru þau Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, sem einnig hefur starfað á Alþingi og í fleiri ráðuneytum, Jónína S. Lárusdóttir framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Arion banka, og fv. ráðuneytisstjóri, Andri Arnason hrl. hjá Juris, sem einnig var

verjandi sakbornings í eina málinu sem vísað hefur verið til Landsdóms, og Trausti Fannar Valsson lektor við lagadeild Háskóla Íslands.

Ný lög og starfsskilyrði Stjórnarráðs

Tilfni málstofunnar voru þær breytingar sem hafa orðið á fáum árum á starfsskilyrðum Stjórnarráðsins. Ný stjórnarráðslög hafa verið sett eftir hvatningu í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, ráðuneytunum hefur verið fækkað og sum þeirra stækkuð. Með nýju lögum hefur verið aukið á sveigjanleika við skipulag Stjórnarráðsins. Þá hafa verið lögfestar áður óskráðar reglur um skyldu ráðherra til að leita sér ráðgjafar og um skyldu starfsmanna ráðuneyta til að veita ráðherra réttar upplýsingar og faglegt mat á valkostum. Jafnframt var aukið við lögum reglum um hlutverk ráðuneytanna og aðstoðarmanna ráðherra. Einnig hefur Landsdómur komið saman í fyrsta sinn.

Fyrst hélt Trausti Fannar inngangserindi um starfsskilyrði Stjórnarráðsins og dró upp mynd af lagarammanum. Fór hann yfir þær helstu breytingar sem leiða af nýju stjórnarráðslögunum og snerta starfshætti ráðuneyta og ábyrgð ráðherra. Af máli hans var ljóst að nýju lögum gera ríkar kröfur til vandaðra stjórnsýsluhátta í ráðuneytum. Á sama tíma búa ráðuneytin líka við ríkar kröfur um aðhald og hagræðingu í rekstri og sum hver hafa gengið í gegnum umfangsmiklar skipulagsbreytingar.

Kristján Andri varpaði þá fram spurningunni um hvernig ráðuneytum gengi að fullnægja kröfum sem til þeirra eru gerðar. Kom það fram hjá bæði Ragnhildi og Jónínu að Stjórnarráðið er fámennt, en sömu kröfur gerðar um vandaðan undirbúning mála og í stærri ríkjum. Jónína lagði áherslu á það að í ljósi þess hve fáir vinna í Stjórnarráðinu væru unnin kraftaverk á hverjum degi! Löggjöfin og eftirlitsaðilar gefi enga afslætti þrátt fyrir smæðina og það væri leitt að Stjórnarráðið njóti þess ekki

enn frekar í almenningssáliti. Þá veltu þátttakendurnir því fyrir sér og komu með hugmyndir um hvernig hægt væri að forgangsraða betur og hvort of miklar kröfur væru gerðar til stjórnsýslunnar. Skýr og góð stefnumörkun væri nauðsynleg. Verstu tímaþjófarnir væru svo slökkviliðsstörfin því það kemur alltaf niður á stjórnsýslunni þegar ekki hefur verið nægjanlega vandað til undirbúnings.

Síðan var farið vel yfir ráðgjafar- og trúnaðarskyldu starfsmanna ráðuneyta en nýju lögin innihalda áður óskráða reglu um það efni. Af máli Trausta Fannars mátti ráða að starfsmönnum hins opinbera beri að fylgja fyrirmælum ráðherra og aðstoða þá við að koma stefnumálum sínum og

vilja til framkvæmdar. Ráðherrann fer með yfirstjórnina og hefur umboð til þess. Breytir almennt engu hvort starfsmenn hins opinbera eru sammála ráðherranum. Á hinn bóginn er hollustu- og hlýðniskyldan gagnvart ráðherra ekki án takmarkana. Síðan var hlutverk aðstoðarmanna ráðherra rætt sem og hlutur þeirra í stefnumörkun og stjórnsýslu. Að lokum var farið yfir ábyrgð ráðherra.

leyti eins á Íslandi og í Noregi. Stærsti munurinn er auðvitað hve fámennt íslenska Stjórnarráðið er í samanburði við það norska sem telur u.þ.b. 5000 manns. Í ljósi smæðar sinnar og þeirra verkefna sem þarf að inna af hendi er það greinilega einvala hópur fólks sem vinnur í íslenska Stjórnarráðinu.

Margrét Gunnarsdóttir, Osló

Lagarammi svipaður og í Noregi

Frá sjónarhorni lögfræðings sem starfar í norska Stjórnarráðinu var þessi málstofa afar fróðleg. Ég komst m.a. að því að stjórnsýslan og lagaramminn er að mestu

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, lögg. dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, lögg. dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, lögg. dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Daniel D. Teague, skjalapýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammisamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is



Málstofuna sátu 120 manns.

Málstofa III: Framtíðarskipan dómssvalds

RÖKSTÓLAR UM FRAMTÍÐARSKIPAN dómssvalds var fjölsótt en málstofunni var stjórnað af Rögnu Árnadóttur fyrrum innanríkisráðherra og hófst með ávarpi núverandi innanríkisráðherra, Ólafar Nordal. Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari, nefndarmaður í nefnd um framtíðarskipan dómssmála, var framsögumaður á málstofunni en auk hennar tóku Eiríkur Tómasson hæstaréttardómari, formaður réttarfarsnefndar, Jónas Þór Guðmundsson hrl. formaður Lögmannafélags Íslands, og Skúli Magnússon héraðsdómari, formaður Dómarafélags Íslands, þátt í umræðum.

Ólöf lýsti yfir eindregnum vilja til að efla dómskerfið sem hefði verið fjárfvelt síðustu ár en hætta væri á að traust á dómskerfinu minnkaði ef ekki yrði hlúð að því með fullnægjandi hætti. Ólöf sagði ennfremur að jafnvel þótt millidómsstigi fylgdi óhjákvæmilega aukinn kostnaður, og lengri málsmeðferð mála sem færu fyrir öll þrjú dómssstig, þá mættu sjónarmið um skilvirkni og hagræðingu ekki vera réttarörygginu yfirsterkari. Að lokum viðurkenndi ráðherra að vinnan við að koma á millidómsstigi

hefði gengið of hægt en verkefnið væri þess eðlis að vanda þyrfti til verka.

Tillögur um stofnun Landsréttar

Hervör Þorvaldsdóttir fór yfir megininntak tillagna nefndar um stofnun nýs áfrýjunardómstóls, svokallaðs Landsréttar. Tillögurnar gera ráð fyrir að Hæstiréttur starfi í einni deild og að dómurum þar verði fækkað í sex (þó þannig að sitjandi dómara haldi stöðu sinni) en fimm dómara dæmi hvert mál. Nefndinni var einnig falið að gera tillögur að nýrri stjórnslu dómstólanna og útfærslu hennar en fallið var frá því vegna ágreinings innan nefndarinnar um málið. Þá lagði nefndin til að Alþingi þyrfti að samþykkja tillögur ráðherra um skipun hæstaréttardómara. Þannig yrði tryggt að ábyrgð og völd færu saman.

Umsögn réttarfarsnefndar

Að loknu erindi Hervarar voru aðrir þátttakendur rökstólanna með stutt innlegg. Eiríkur Tómasson tók fyrstur til máls og fjallaði um umsögn réttarfarsnefndar um frumvarpsdrögin. Hann lagði sérstaka áherslu á mikilvægi málefnalegrar umræðu og að víðtæk

samstaða þyrfti að nást meðal þingmanna, lögfræðinga og þeirra sem starfa að málinu. Eiríkur þvertók fyrir að réttarfarsnefnd væri andsnúin upptöku millidómsstigs. Þvert á móti hefði hún lýst yfir stuðningi við megininntak frumvarpsdraganna, að því gefnu að vandað yrði til verka. Eiríkur kvað gagnrýni réttarfarsnefndar nær eingöngu lúta að breyttri skipan dómara þar sem um yrði að ræða óæskilegt afturhvarf til fortíðar sem stefna myndi sjálfstæði dómstólsins gagnvart framkvæmdavaldi og löggjafarvaldi í tvísýnu. Eiríkur tók einnig fram að skipun dómara væri umdeilt mál sem fella bæri úr frumvarpsdrögunum og fjalla um sérstaklega óháð upptöku millidómsstigs. Þá gagnrýndi Eiríkur tillögur um mikla fækkun hæstaréttardómara sem hefðu í för með sér minni fjölbreytni innan dómarahópsins, óeðlilega aðkomu varadómara og yfirgripsminni þekkingu innan réttarins.

Ekki pólitískt bitbein

Jónas Þór Guðmundsson tók undir með Eiríki um að skipun dómara væri ekki nauðsynlegur þáttur í því að koma á millidómsstigi. Mjög mikilvægt væri að stofnun millidómsstigs yrði ekki að



Ólöf Nordal innanríkisráðherra flutti ávarp.

pólítísku átakamáli á Alþingi eins og hætta væri á ef blanda ætti þessu tvennu saman. Jónas taldi þó ótvíræða þörf á því að ræða breytta skipan dómara. Lögmannafélagið hefði til að mynda haft áhyggjur af því að starfandi lögmenn ættu á brattann að sækja hjá núverandi nefnd þegar þeir sæktu um embætti hæstaréttardómara. Mikilvægt væri að tefja málið ekki frekar og ljúka laga-setningu sem miðaði að fullmótuðu kerfi á þessu kjörtímabili, jafnvel þó ekki yrði byrjað að vinna samkvæmt henni strax.

Fleiri gallar á kerfinu

Skúli Magnússon áréttaði strax að hann tjáði sig í eigin nafni á málsstofunni en ekki í nafni Dómarafélags Íslands. Hann var gagnrýnin á frumvarpsdrögin og taldi ótækt að einskorða umfjöllun um framtíðarskipan dómstóla á Íslandi við vangaveldur um millidómsstig. Stærstu gallarnir á núverandi kerfi væru vissulega skortur á milliliðalausri sönnunarfærslu og mikið álag á Hæstarétti. En gallarnir á íslensku dómkerfi væru hins vegar ekki einskorðaðir við þessi atriði heldur væri fjárhagur dómstólanna veikur, stjórnvíslan brotakennd, starfsöryggi settra dómara afleitt og þjálfun dómara sem tækju við embætti væri engin. Að lokum lýsti Skúli þeirri skoðun sinni að upptaka millidómsstigs fæli í sér mikilvægt skref til umbóta, að því gefnu að nægilegt fjármagn fengist í verkefnið.

Lífleg skoðanaskipti

Að loknum erindum kviknuðu líflęgar umræður meðal fundarmanna í sal. Héraðsdómaramir Ingibjörg Þorsteinsdóttir og Áslaug Björgvinsdóttir tóku báðar undir áhyggjur Skúla Magnússonar af stjórnvíslu og innviðum dómstólanna og lýstu yfir áhyggjum af því hversu lítið frumvarpið tæki á þessum málum. Benedikt Bogason hæstaréttardómari vakti athygli á því hversu lengi vinna við upptöku millidómsstigs hefði staðið án þess að nokkur árangur næðist. Því næst steig á stökk Róbert Spanó dómari við Mannréttindadómstól Evrópu. Róbert var ómyrkur í máli og lýsti yfir gríðarlega miklum áhyggjum af stöðu mála. Tveggja þrepa dómkerfi væri algjört einsdæmi í aðildarríkjum Evrópuráðsins og engan tíma mætti missa við að koma á þriggja þrepa dómkerfi. Þá lýsti Róbert þeirri skoðun sinni að ekki ætti að fækka hæstaréttardómurum enda nauðsynlegt að hafa breiða þekkingu í dómínum. Ólafur Börkur Þorvaldsson hæstaréttardómari taldi einu tæku leiðina vera þá að fylgja frumvarpinu í hvívetna. Rekstur dómstóls væri ekki flókinn og ætti ekki að vera kostnaðarsamur. Þá talaði Ólafur um mikilvægi þess að vald og ábyrgð færu saman í sambandi við skipan dómara.

Framsögumenn fengu örfáar mínútur til að svara fyrirspurnum og gagnrýni. Skúli reið á vaðið og mótmælti þeirri skoðun Ólafs Barkar að rekstur

dómkerfis væri einfalt mál. Stjórnvísla dómstólanna væri óboðleg, veikburða og brotakennd og við því yrði að bregðast. Jónas Þór tók undir þessi sjónarmið. Eiríkur sagði að það sem fram hefði komið í máli Róberts um fjölda hæstaréttardómara væri mergur málsins. Til að tryggja þekkingu, gæði og breidd réttarins mætti ekki fækka dómurum jafn mikið og frumvarpið gerir ráð fyrir. Lokaorðin átti Hervör sem tók undir að stjórnvísla dómstólanna væri óburðug og að taka þyrfti hana til skoðunar. Hins vegar hefði nefndin talið rétt að forgangsraða á þann hátt að koma á millidómsstigi.

Samstaða um nauðsyn á millistigi

Segja má að algjör samstaða hafi ríkt meðal þátttakenda málstofunnar um nauðsyn þess að koma á millidómsstigi sem fyrst hér á landi. Einnig virtust þátttakendur sammála um að bragarbót þyrfti að gera á innviðum og stjórnvíslu dómstólanna. Ágreiningur var um æskilegan fjölda hæstaréttardómara og það hvort og hvernig breyta ætti reglum um skipan þeirra. Málstofan var bæði gagnleg og upplýsandi fyrir fundarmenn og drögust umræður töluvert framyfir auglýstan fundartíma.

Guðrīður Lára Prastardóttir hdl.



Málstofa IV: Umferðarréttur almennings

UMFERÐARRÉTTUR ALMENNINGS OG heimildir landeigenda til innheimtu gjalds af ferðamönnum hefur verið í umræðunni síðustu misseri. Í málstofunni héldu þeir Ívar Pálsson hrl. hjá Landslögum og Óskar Magnússon hrl. og stjórnarformaður Kerfélagsins ehf. framsögur, en þátttakendur í pallborði voru Ásgerður Ragnarsdóttir hdl. hjá

LEX lögmannsstofu og Kristín Linda Árnadóttir forstjóri Umhverfisstofnunar. Stjórnandi var Helgi Jóhannesson hrl. hjá LEX lögmannsstofu.

Gildandi lög og gjaldtaka

Ívar Pálsson hóf málstofuna með því að fara yfir gildandi lög um náttúruvernd og núverandi skipan ferðamála. Einnig fór hann yfir þær breytingar á náttúru-

verndarlögum sem búið er að samþykkja en ekki hafa tekið gildi og frumvarp til breytinga á þeim breytingalögum.

Óskar Magnús sagði frá rekstri Kerfélagsins sem á náttúruperluna Keríð í Grímsnesi. Árið 2008 tóku eigendur Kersins ákvörðun um að hefja innheimtu gjalds af ferðamönnum til þess að hlífa náttúrunni en ástand svæðisins var orðið mjög slæmt. Ákvörðun var umdeild á sínum tíma. Óskar sagði þetta hefði verið rétt ákvörðun og þeir hefðu með henni hlíft náttúrunni. Óskar ræddi sérstaklega hvað þeim hefði komið á óvart afstaða þeirra sem kæmu með stóra hópa og seldu ferðir á svæðið, þeir væru ekki tilbúnir til þess að greiða aðgangseyri að náttúruperlum. Hins vegar hafa aðrir sem koma til að skoða Keríð ekki gert athugasemdir við innheimtu gjaldsins.

Marka þarf stefnu til framtíðar

Ásgerður Ragnarsdóttir ræddi togstreituna milli almannaréttar og eignaréttar. Almennungi er heimil för um landið. Umferð almennings má hins vegar ekki vera til ama og eða valda tjóni. Ásgerður varpaði fram spurningum, hvað ef land skemmist



Óskar Magnússon.



Ívar Pálsson.

vegna mikils ágangs verður landeigandi þá ekki fyrir tjóni og er þá umferð almennings landeiganda til ama ?

Kristín Linda Árnadóttir fór yfir þau verkefni sem landsmenn standa frammi fyrir vegna aukningar ferðamanna til landsins. Fór hún einnig yfir skilin milli almennaréttar og eignaréttar. Heimil er frjáls för um landið en verið er að beina fólki á ákveðna staði sem hefur í för með sér ágang á þá.

Töluverðar umræður sköpuðust um samspil almennaréttar og eignaréttar, þ.á m. um gjaldtöku landeigenda og hvort skipti mál hvort um væri að ræða ferðamannaútgætur eða einstaklinga. Ljóst var að almennt voru fundarmenn á því að gjaldtaka væri heimil en meiri vafi léki á því hvernig ætti að standa að henni.

Niðurstaða málstofunnar var sú að marka þurfi stefnu til framtíðar um skipan þessara mála og um væri að ræða pólitískt mál þar sem frjáls og óheft för um landið skaraðist á við eignaréttinn. Þá töldu menn að lagaumhverfið væri alls ekki nógu gott og þarfnaðist samræmingar.

Málstofan var áhugaverð og skemmtileg, með fjörugum og beinskeyttum umræðum sem margir tóku þátt í, en greinilegt er að umfjöllun um þetta umræðuefni er hvergi nærri tæmd.

*Berglind Svavarsdóttir brl. og
Sigríður Kristinsdóttir brl*



F.v. Helgi Jóhannesson, Óskar Magnússon og Kristín Linda Árnadóttir.



Þátttakendur málstofu voru 45.

Andri Árnason hrl.
Edda Andradóttir hdl.
Finnur Magnússon hdl., LL.M.
Halldór Jónsson hrl.
Lárus L. Blöndal hrl.
Sigurbjörn Magnússon hrl.
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.
Vífill Harðarson hrl., LL.M.

juris

Borgartúni 26
IS 105 Reykjavík
+354 580 4400
www.juris.is



Jóhannes Karl Sveinsson..



Erla S Árnadóttir.

V. Örmálstofur

Í ÁR VAR bryddað upp á þeirri nýjung að bjóða upp á fjögur styttri erindi, er vörðuðu ólík málefni, í einni málstofu. Hverjum framsögumanni voru úthlutaðar 15 mínútur og í kjölfar hvers erindis var boðið upp á spurningar úr sal. Þóra Hallgrímsdóttir, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík, var í hlutverki stjórnanda og fórst það afar vel úr hendi.

Upplýsingaöryggi í tölvuskýinu

Yfirskrift fyrsta erindisins var „Upplýsingaöryggi í skýjunum“ og var framsögumaður Erla S. Árnadóttir hrl. Hún vék fyrst að því hvað fælist í hugtakinu „tölvuskýjaþjónusta“. Í framhaldinu fjallaði hún um vörslu upplýsinga í tölvuskýinu með hliðsjón af ákvæðum persónuverndarlaga en í tölvuskýinu eru gögn vistuð með það að markmiði að nýta auðlindina á sem hagkvæmastan hátt. Gögn kunna því að vera vistuð á einum netþjóni í dag og öðrum á morgun. Gögn eru einnig vistuð mjög nálægt gögnum annarra og eykur það á mikilvægi þess að

ábyrgðaraðilar móti öryggisstefnu, geri áhættumat og ákveði öryggisráðstafanir. Svo vel vildi til að nokkrir starfsmenn Persónuverndar voru viðstaddir og lögðu sitt lóð á vogarskálarnar í umræðum sem spunnust að erindi loknu.

Google gleymir engu

Næst steig á stokk Elín Blöndal lögfræðingur Háskóla Íslands, og fjallaði um birtingu nafna í dómsúrlausnum sem birtar eru á netinu. Slík birting byggist á grundvallarreglum um opin þinghöld en sjónarmið um vernd einkalífs og persónuvernd leiða til þess að gæta verður varúðar þegar kemur að birtingu nafna eða annarra persónuauðkenna.

Að mati Elínar verður ekki séð að löggjafinn hafi með fullnægjandi hætti tekið afstöðu til þess hvernig rétt sé að haga dómabirtingum á vefnum og reglur dómstólaráðs veita dómstólum svigrúm til mats. Í erindinu kom einnig fram að ekki er fullt samræmi á milli reglna dómstólaráðs annars vegar og Hæstaréttar hins vegar um nafnbirtingu í dómsúrlausnum.

Að erindinu loknu spunnust talsverðar umræður, m.a. um hvort

gera eigi greinarmun á því hvort dómar séu birtir á pappír eða á vefnum. Elín taldi mikilvægt að greina þar á milli, enda vægju möguleikar á að samkeyra upplýsingar þungt í okkar fámenna samfélagi.

Hvað heftir höftin?

Eftir að fundarmenn höfðu nýtt stutt hlé til að teygja úr sér, tók til máls Jóhannes Karl Sveinsson hrl. Hann fjallaði um hvaða lagalegu álitamál væru uppi varðandi tilvist og losun gjaldeyrishafta. Ráðamenn hafa boðað að liður í losun þeirra sé álagning útgöngu- eða stöðugleikaskatts en ekkert hefur verið frekar gefið upp um útfærslu eða hlutfall skattsins.

Spurningar munu vakna um lögmæti skattlagningarinnar enda ólíklegt að hagsmunaaðilar muni taka slíkum fyrirætlunum þegjandi og hljóðalaust. Munu þær eflaust koma til kasta dómstóla sem hingað til hafa verið tregir til að fallast á ólögmæti slíkrar skattlagningar.

Jóhannes Karl vitnaði til þess að við mat á lögmæti slíks skatts megi ekki eingöngu líta á fjárhæð skattsins, heldur



Pátttakendur málstofu voru 140 talsins.

einnig til hvers skattinn eigi að nota, en þau gamalkunnu stef má m.a. finna í svokölluðu „Auðlegðarskattmáli“ frá 10. apríl 2014. Þó má ljóst vera að eftir því sem skatthlutfallið er hærra, þeim mun líklegra er að dómstólar muni fallast á sjónarmið um ólögmæti skattsins.

Sönnunargögn á svarta markaðnum

Sigurður Tómas Magnússon prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, var síðastur í pontu. Hann velti upp heimildum stjórnvalda til að víkja frá settum lagareglum til öflugunar sönnunargagna í framhaldi af umræðu undanfarið um kaup skattfirvalda

á gögnum frá óþekktum aðila um fjármálalegar eignir íslenskra aðila í þekktum skattaskjólum. Var þeirri spurningu velt upp hvort sakfelling fyrir skattalagabrot yrði grundvölluð á slíkum bankaupplýsingum.

Með hliðsjón af dómaframkvæmd Hæstaréttar og Mannréttindadómstóls Evrópu má gera ráð fyrir að heimilt yrði talið að leggja gögn sem aflað hefur verið með ólögmætum hætti fram í sakamáli. Hins vegar kann að reynast erfitt að sýna fram á falsleysi slíkra gagna og myndu þau sjaldnast nægja til sakfellingar ein og sér, en gætu ásamt öðrum gögnum verið lögð til grundvallar sakfellingu.

Að lokum var fjallað um siðferðilegar spurningar sem kunna að vakna og hvort tryggja eigi lögmæti þess að nota slík gögn í þágu skattrannsóknar með lagasetningu.

Vel heppnað fyrirkomulag

Fyrirkomulag örmálstofanna var vel heppnað. Formið höfðaði til margra og salurinn var þétt setinn. Erindin voru skorinorð og á köflum spunnust afar lífligar og áhugaverðar umræður í salnum.

Eva Halldórsdóttir bdl.

Alþjóðlegt fyrirtækjanet

PwC er alþjóðlegt fyrirtækjanet sem þjónustar fyrirtæki og stofnanir með ráðgjöf á sviði skatta, lögfræði og fjármála auk endurskoðunar.





Lagadagurinn að kvöldi í fylgd ritstjóra Lögmannablaðsins

Sem fyrr ríkti nokkur eftirvænting þegar veisluhöldin hófust að kvöldi Lagadagsins 2015 með fordrykk og standandi forréttum á Hilton Hótelu. Ritstjórinn smellti sér í betri blússuna en var heldur lengi að sparsla upp í andlitið og náði því rétt í blálokin á forréttunum. Það vannst þó tími til að smakka á sushi og snittum sem gáfu góð fyrirheit um framhaldið.

Kvöldið var afar vel sótt og voru 440 manns við borðhaldið. Bekkurinn var því þétt setinn - þröngt máttu sáttir sitja en aðrir standa. Glæsikvendið Guðrún Sesselja Arnardóttir lögmaður hjá embætti ríkislögmans, hélt um þræði og stjórnaði veislunni. Fórst henni það vel úr hendi og átti hún gjörvalla salinn þegar hún steig á stökk og söng tvö lög við undirleik Loga Kjartanssonar lögfræðings sem sá jafnframt um dinnermúsík. Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður átti einnig

stórleik með nefflautu-performans á heismælikvarða en það mun vera í fyrsta skipti í sögunni sem spilað er opinberlega á slíkt hljóðfæri á Íslandi. Þvílíkir hæfileikar sem leynast hjá einu embætti! Einn þekktasti „afbrotamaður“ landsins, Kenneth Máni, var síðan með uppistand.

Góður rómur var gerður að aðalréttinum sem var hægeldaður kálfahryggsvöðvi og heldur mikið reykt svínasíða ásamt ostrusveppasalati, gulrótum og Béarnaise sósu. Rauðvínið rann þó ljúflega niður og gott ef það slæddist ekki með kokkteill inn á milli rétta. Eftirréttaplanka með ýmsu góðgæti var jafnframt gerð góð skil ásamt kaffi og Grand af barnum þar sem lögfræðingar áttu endurfundi með gömlum vinum.

Lögfræðingar spændu upp dansgólfið með Páli Óskari og pallfettuklæddu dönsurunum hans. Glimmerkóngurinn

hélt uppi stuðinu fram á rauða nótt og var dansgólfið smekkkfullt allan tímann. Þeir allra hörðustu héldu svo áfram djamminu eftir að Palli fór að sofa og fjölmenntu á hótelfarinn. Þar mátti m.a. sjá dómara, prófessora, hæstaréttarlögmenn og a.m.k. einn fjölmiðlamann ljúka kvöldinu með gini & tónik eða jafnvel vodka í sóða.

Í eina tíð enduðu árshátíðir laganema í morgunverði á Hótel Loftleiðum. Það skal ósagt látið hvort einhverjir hafi byrjað verkalýðsdaginn í Brunch á Vox en klukkan var að ganga fjögur þegar ritstjórinn steig upp í leigubíl og hélt heim á leið og var ekki síðastur úr húsi. Hvað gerðist eftir það er ekki á margra vitorði, kannski sem betur fer.

Þyrí Steingrímisdóttir brl.



**Við gerum
atvinnulífið
viðburðaríkara**

Practical og Congress Reykjavík hafa nú sameinað kröfta sína undir merkjum CP Reykjavík. Við erum frísklegt og skapandi þjónustufyrirtæki sem skipuleggur viðburði, ferðir og ráðstefnur fyrir innlenda og erlenda viðskiptavini.

RÁÐSTEFNUR / VIÐBURÐIR / HVATAFERÐIR

cp
REYKJAVÍK

www.cpreykjavik.is

Af Merði lögmanni

Þrátt fyrir að Mördur láti sjaldan góða veislu framhjá sér fara hefur hann ekki mætt á Lagadaginn fyrr en nú vegna blankheita. Nú hefur hagur strympu vænkast enda mörg mál rekið á fjörur Marðar á vegum Framsóknarflokksins svo hann lét loks verða að því að mæta. Ritstjórn Lögmannablaðsins falaðist eftir frásögn hans að deginum og barst hún innlesin á segulbandsspólu þar sem ritvél Marðar (Underwood, árgerð 1965) hafði gefið upp öndina eftir margra mánaða ævisöguskrif. Svo heppilega vill til að framkvæmdastjóri Lögmannafélagsins geymir í skúffu í skrifborði sínu gamalt vasadiskó og fékk blaðamaður Lögmannablaðsins það lánað til að skrifa upp frásögnina. Hér kemur hún orðrétt:

„Þegar ég gekk í salinn um hádegisbil var afskaplega fagur og hárprúður ungur maður í pontu. Dökkur yfirlitum. Hann talaði af því líkri innlifun og þekkingu að ekki var annað hægt en að hrífast með. Ég settist niður og hlustaði um stund á meðan þjónar báru fram fisk. Ekki var það þó þverskorin ýsa eins og ég fékk daglega í foreldrahúsum á Ströndum um miðja síðustu öld og því skrölti ég á barinn í leit að einhverju ætilegu. Þar sátu nokkrir ungir lögmennt sem ég hef séð bregða fyrir á göngum Héraðsdóms Reykjavíkur og gott ef ekki verið á móti í nokkrum málum. Þeir voru ekki jafn hárprúðir og ræðumaðurinn en afskaplega skemmtilegir og það fór vel á með okkur. Þeir vildu að ég drykki með þeim brauð [bjór] en mér hefur aldrei tekist að svolgra þann ófögnuð og pantaði því viskí. Ungu mennirnir fóru mikinn og lýstu afrekum sínum í dómstöfum og ekki gat ég verið minni maður. Ég sagði þeim frá máli sem ég rak fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra ekki alls fyrir löngu, óttalegt kellingamál auðvitað, en ágætur kunningi minn varð fyrir því óláni að vera ákærður fyrir eitthvað sem ekki getur nú talist meira en hefðbundnar ýtingar og stymplingar á milli hjóna. Annað eins hefur nú auðvitað komið fyrir í Skagafirðinum, sem og annars staðar, og að sjálfsögðu endaði málið með sýknu. Mátti nú ekki annað vera þar sem lögmaðurinn var framsóknarmaður af Ströndum og dómari yfirlýstur heimadómari og ... [skilst ekki]. Ef ekki hefði verið fyrir þessar andskotans kellingar hjá embætti ríkissaksóknara sem áfrýjuðu málinu hefði þessu lokið þar. Málið fór fyrir Hæstarétt sem gerir það að verkum að allur dómurinn birtist á alnetinu, sem var nú nýlunda fyrir mig enda hef ég, eins og allir aðrir lögmennt sem vandir eru að virðingu sinni, ávallt notað mér innbundnu dómstöfnin. Það merkilega er að það virðist skipta litlu máli að minn maður var sýknaður í Hæstarétti líka en málið fór á flug vegna þess að konan heldur áfram að bera sögur á minn mann og nú síðast á einhverri fegurðarsíðu á alnetinu sem ... [skilst ekki]. Svo komu fleiri konur og tóku undir allt saman, að ekki sé nú minnst á lögfreyjurnar sem taka þetta upp á sína arma og slengja fram í fjölmiðlum. Til að bæta gráu ofan á svart er kona orðin lögreglustjóri og hún skipar lögreglumönnum að rannsaka svona mál. Þetta er auðvitað allt með ólíkindum og ég fór mikinn í frásögn minni af þessu óréttlæti. Er ekki það sem gerist innan veggja heimilisins einkamál? Maður spyr sig. Ég man nú ekki betur en að stjórnarskráin tryggji friðhelgi einkalífsins en viðmælendur mínir voru orðnir svo uppnumdir yfir þessu óréttlæti að þeir skunduðu inn í salinn aftur til að tjá sig um málið. Aðrir lögmennt komu fram og ég fór aftur yfir söguna með þeim og voru þeir líka ósáttir við þetta hrópandi óréttlæti sem við karlar verðum fyrir. Er ekki jafnrétti í þessu landi? Ég ákvað að fá mér einn viskí í viðbót og ótrúlegt en satt þá fékk ég tvö glös en borgaði bara fyrir eitt. Þjóninn talaði um hamingjustund og stóð hún svo sannarlega undir nafni í góðu kompaníi við kollega sem komu og fóru. Ég fór aftur inn í salinn og fékk fínasta ket í kvöldmat. Þar sat ég til borðs með ungri stúlku sem sagðist vera lögmaður en væntanlega hefur hún verið ritari enda stóð hún upp og fór þegar ég vildi ræða þessi mál við hana. Ég fór hins vegar ekki heim strax en það sem gerðist eftir það er nú ekki hæft til birtingar í Lögmannablaðinu og ég lét því frásögninni lokið“.



REIMAR PÉTURSSON HRL.



Val á dómurum

ÉG VIL FYRST þakka traustið sem lögmennt hafa sýnt mér með því að kjósa mig formann félagsins. Starfsfólk, stjórn og fráfarandi formaður hafa unnið gott starf og ég mun byggja á því. Lögmennt þurfa því ekki að búast við neinum afgerandi breytingum í störfum félagsins, þótt áherslubreytingar kunni að verða.

Nú hyllir undir stofnun millidómstigs. Laganefnd félagsins skilaði umsögn til ráðherra um málið 15. maí s.l. Margt í henni rímar við umsagnir annarra. Um flest á því að geta náðst sátt, ekki síst ef allir nálgast málið með opnum huga og forðast að reisa þvergirðingar um einstök atriði.

Tillaga um nýtt fyrirkomulag við skipan dómara er umdeild. Laganefnd benti á að ekkert sé algilt í þeim efnunum og ekki væru rökbundin tengsl milli ákvörðunar um slíkt og stofnunar millidómstigs. Laganefnd áréttaði þó mikilvægi reynslu lögmannna við val á dómurum.

Þessi umsögn laganefndar gefur tilefni til að rifja upp að nýverið var farsæll hæstaréttarlögmaður settur dómari við Hæstarétt. Margir höfðu þetta til marks um skilning á nytsemi þess að laða farsæla lögmennt til dómara starfa.

Umsögn dómnefndar frá 20. apríl s.l. um umsækjendur um embætti héraðsdómara olli því vonbrigðum, en farsæll héraðsdómarslögmaður til margra ára var þar ekki talin til hæfustu umsækjanda. Tveir aðrir voru taldir hæfastir. Báðir eru prýðismenn; hvorugur þeirra hefur starfað sem lögmaður.

Fyrir utan lítið vægi lögmannsstarfa í mati dómnefndarinnar vakti tvennt athygli: Í fyrsta lagi að nefndin lagði til grundvallar að annar umsækjandinn, af þeim tveimur sem hún taldi hæfasta, hefði sem aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn „samið eða haft yfirumsjón með samningu á rúmlega þriðjung þeirra hartnær 100 dómara sem

dómstóllinn hefur kveðið upp sl. sex ár.“ Í öðru lagi að nefndin komst svo að orði að reglur EFTA-dómstólsins „munu vera að flestu leyti sambærilegar þeim sem þekkjast í íslensku réttarari.“

Þetta getur vart staðist. Væri rétt að aðstoðarmaðurinn hefði „samið“ dómara EFTA-dómstólsins, svo ekki sé talað um „haft yfirumsjón með samningu“ þeirra, fælist í því nokkurt áfelli yfir störfum dómara þar. Þá er réttarfar þar á bæ í veigamiklum atriðum ólíkt því íslenska. Störf þar verða þannig, hvað sem öðru líður, ekki lögð að jöfnu við störf fyrir íslenskum dómstólum.

Eigi að laða farsæla lögmennt til dómara starfa verður að endurskoða matsreglur dómnefndarinnar og aðferðina sem notuð er við val nefndarmanna.



Skortur á skilningi á undirstöðuatriðum við málskot

MARGT ER SKRÍTIÐ í kýrhausnum! Þriðjudaginn 31. mars 2015 komst meirihluti í þriggja manna dómi í Hæstarétti að þeirri niðurstöðu (mál nr. 487/2014), að ekki skipti máli þó að málflytjandi, sem gerð var réttarfarssekt í héraði, hefði ekki haft tækifæri til að tala máli sínu á neðra dómsstiginu, þar sem hann hefði getað komið að vörnum sínum við meðferð málsins í Hæstarétti. Virðist þessi meirihluti dómsins telja Hæstarétt gegna einhverju öðru hlutverki en að vera áfrýjunardómstóll sem taki ákvarðanir varðandi málsmeðferð í héraði til umfjöllunar og kveði ekki upp efnisdóma nema meðferðin í héraði hafi verið lögum samkvæm.

Forsendur dómara

Í forsendum dómara tveggja kemur fram að lögmaðurinn sem í hlut átti, hafi í sjálfu sér átt að njóta réttar til að gæta hagsmuna sinna áður en dómur yrði upp kveðinn í héraði. En síðan segir orðrétt svo: „Eins og áður greinir gaf ríkissaksóknari út áfrýjunarstefnu vegna þessa þáttar málsins að ósk varnaraðila sem átti lögum samkvæmt rétt til að fá úrlausn æðra dóms, að undangengnum munnlegum málflytningi, um þá réttarfarssekt sem honum var gert að sæta í héraði. Réttur varnaraðila til þess að halda uppi vörnum á áfrýjunarstigi af þessu tilefni sætir að lögum engum takmörkunum og gat hann komið að öllum sjónarmiðum sínum við meðferð málsins hér fyrir dómi. Að þessu virtu horfir það varnaraðila ekki til réttarspjalla þótt sérstakur málflytningur hafi ekki farið fram í héraði áður en sú ákvörðun var tekin að gera honum þar réttarfarssekt. Samkvæmt þessu fullnægir málsmeðferð sú sem fram hefur farið ákvæðum laga og brýtur hún ekki í bága við regluna um

réttláta málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. og 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. dóm Hæstaréttar 28. maí 2014 í máli nr. 37/2014.“

Dómurinn sem þarna er vísað til hafði komist að sambærilegri niðurstöðu í máli sem varðaði réttarfarssekt á hendur verjendum, það er að segja þrjú af fimm dómurum sem það mál dæmdu. Þar hafði einnig verið fallist á berum orðum að verjendurnir hefðu átt að njóta réttar til að verja sig gegn kröfunum um réttarfarssektir við meðferð málsins í héraði. Sagði þannig í forsendunum: „Þegar ljóst var að varnaraðilar myndu ekki sinna þeirri skyldu sinni að mæta til þings og til álita kom að beita þá réttarfarssekt, hefði að réttu lagi átt að boða þá til sérstaks þinghalds og gefa þeim kost á að reifa sjónarmið sín í því efni, umfram það sem áður hafði skýrlega komið fram af þeirra hálfu í bréfaskiptum þeirra við héraðsdóm og áður er gerð grein fyrir. Það var á hinn bóginn ekki gert.“ Þrátt fyrir þetta varð niðurstaða Hæstaréttar sú að staðfesta réttarfarssektirnar þar sem verjendurnir hefðu getað haldið uppi vörnum á áfrýjunarstigi af þessu tilefni og sætti sá réttur ekki takmörkunum. Hafi þeir getað komið að öllum sjónarmiðum sínum við munnlegan flutning málsins þar fyrir rétti. Í þessu eldra máli höfðu tveir dómara skilað sératkvæði sem byggði á þeirri einföldu forsendu að ekki væri unnt að dæma mál efnislega í Hæstarétti nema málsaðilinn hefði notið þess grunnréttar í héraði að tala máli sínu áður en dómur yrði upp kveðinn.

Í forsendum beggja þessara dóma kom fram að sektirnar sem um væri fjallað væru „í eðli sínu refsing“, eins og komist var að orði.

Sératkvæði eins dómara

Einn dómari af þremur í máli 487/2014 skilaði sératkvæði. Í því segir:

„Með hliðsjón af sératkvæði [tveggja dómara] í hæstaréttarmálinu nr. 37/2014 tel ég á hinn bóginn að [rétt hefði verið], samkvæmt ákvæðum XXV. kafla laga nr. 88/2008, að boða til dómþings ..., kynna varnaraðila sakarefnið og gefa honum kost á að koma að andmælum við fyrirhugaða ákvörðun um réttarfarssekt. Hvað sem líður möguleikanum til þess að koma að vörnum á áfrýjunarstigi þá fær það ekki staðist tilvitnuð ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu að manni sé gerð refsing en hann njóti hvorki réttar til að koma að andmælum né að hann sé upplýstur um að áformað sé að refsa honum. Hvorugt þessara grundvallarskilyrða voru uppfyllt í málinu, ... Var ákvörðun um sekt varnaraðila tekin með dómi í efnismálinu 11. febrúar 2014, án þess að honum hefði verið kynnt sakarefnið og gefinn kostur á að koma að vörnum, bæði hvað varðar álagningu sektarinnar og fjárhæð hennar.“

Misskilningur á réttarfari

Í þessum tveimur dómsmálum hafa samtals sjö hæstaréttardómara fjallað um sakarefnið. Fjórir af þeim hafa komist að þeirri niðurstöðu að í lagi sé að meina málsaðila að gæta réttar síns í héraði, og það meira að segja gagnvart refsikröfu ákærvalds, ef hann fær að gera það fyrir Hæstarétti. Í þessu felst alvarlegur misskilningur á réttarfari við málskot. Það getur með öðrum orðum ekki staðist að synja megi málsaðila réttar til að gæta hagsmuna sinna á neðra dómsstigi á þeirri forsendu að hann fái að gera það á hinu efra. Gera verður kröfu til þess að dómara við Hæstarétt ráði við þetta.

**NÝ MÁLFLUTNINGS-
RÉTTINDI FYRIR
HÆSTARÉTTI**

Tryggvi Agnarsson, hrl.
Lagarök lögmannsstofa
Síðumúla 27
108 Reykjavík
Sími: 588-1177

Björgvin Þórðarson, hrl.
Bótaréttur
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 520-5100

**NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI
FYRIR HÉRAÐSDÓMI**

**Eva Dóra
Kolbrúnardóttir, hdl.**
Lögmenn Hafnarfirði
Reykjavíkurvegi 60
220 Hafnarfjörður
Sími: 696-6070

**Vilhjalmur Reyur
Þórhallsson, hdl.**
Lögreglustjórinn á
Suðurnesjum
Brekustíg 39
260 Reykjanesbæ
Sími: 444-2202

Bjarki Einar Birgisson, hdl.
LOGOS lögmannsþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0381

Hildur Georgsdóttir, hdl.
Ríkiskaup
Borgartúni 7C
105 Reykjavík
Sími: 530-1406

Erna Sif Jónsdóttir, hdl.
Deloitte
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími: 580-3007

Stefán Þór Ólafsson, hdl.
LOGOS lögmannsþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300

Jakob Ingi Jakobsson, hdl.
Vallargötu 24a
230 Reykjanesbær
Sími: 445-3500

**Íris Lind
Sæmundsdóttir, hdl.**
Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík
Sími: 516-7794

**Bjarni Þór
Sigurbjörnsson, hdl.**
OPUS lögmenn
Austurstræti 17
101 Reykjavík
Sími: 415-2200

Karl Alvarsson, hdl.
Isavia
Nauthólsvegi 62
101 Reykjavík
Sími: 424-4000

Svanhildur Skúladóttir, hdl.
Vátryggingafélag Íslands
Ármúla 3
108 Reykjavík
Sími: 560-5228

**Jóhannes Már
Sigurðsson, hdl.**
Réttarfar lögfræðistofa
Hafnarstræti 20
101 Reykjavík
Sími: 551-0015

**Sigríður Dís
Guðjónsdóttir, hdl.**
Málflutningsstofa Reykjavíkur
Kringlunni 7, Hús
verslunarinnar
103 Reykjavík
Sími: 571-5400

**Guðbjörg Anna
Guðbjörnsdóttir, hdl.**
Málflutningsstofa Reykjavíkur
Kringlunni 7, Hús
verslunarinnar
103 Reykjavík
Sími: 571-5400

Stefán Bjarnason, hdl.
Lögmannsstofa Reykjaness
Hafnargötu 35
230 Reykjanesbær
Sími: 6603942

**Guðmundur
Sæmundsson, hdl.**
Fulltingi
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 533-2050

Lína Ágústsdóttir, hdl.
NORDIK lögfræðisþjónusta
Suðurlandsbraut 18, 4. hæð
108 Reykjavík
Sími: 522-5200

**ENDURÚTGEFIN
LÖGMANNSRÉTTINDI**

Sif Konráðsdóttir, hrl.
Hólarhólar ehf.
Hólar, Öxnadal
600 Akureyri
Sími: 896-6474

Björg Jóhannesdóttir, hdl.
Reginn hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur
Sími: 512-8912

**Helga Bryndís
Björnsdóttir, hdl.**
Arion banki
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-7166

NÝR VINNUSTAÐUR

Sigurður Ármason, hdl.
Pacta lögmenn
Bárustíg 15
900 Vestmannaeyjar
Sími: 440-7900

Ingibjörg Björnsdóttir, hdl.
ACTIO ráðgjöf sf.
Ögurhvarfi 8
203 Kópavogur
Sími: 516-4000

Eva Hrönn Jónsdóttir, hrl.
Íslenska lögfræðistofan
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími: 412-2800

Davíð Guðmundsson, hdl.
OPUS lögmenn
Austurstræti 17
101 Reykjavík
Sími: 415-2200

Árni Þór Finnsson, hdl.
OPUS lögmenn
Austurstræti 17
101 Reykjavík
Sími: 415-2200

Lilja Margrét Olsen, hdl.
KATLA lögmenn
Ármúla 6, 2. hæð
108 Reykjavík
Sími: 565-4488

**Kristján Gunnar
Valdimarsson, hdl.**
Cato lögmenn
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 595-4545

**Hafsteinn Viðar
Hafsteinsson, hdl.**
Íbúðalánasjóður
Borgartúni 21
105 Reykjavík
Sími: 569-6900

Finnur Geir Beck, hdl.
HS Orka hf.
Brekustíg 36
260 Reykjanesbær
Sími: 520-9300

NÝTT AÐSETUR

Sveinn Guðmundsson, hrl.
Juralis
Laugavegi 178
105 Reykjavík
Sími: 533-5858

Ingi Freyr Ágústsson, hdl.
Juralis
Laugavegi 178
105 Reykjavík
Sími: 533-5858

Valgeir Kristinsson, hrl.
Álfabakka 14, 3. hæð
109 Reykjavík
Sími: 564-2080

**Bjarni Hólmar
Einarsson, hdl.**
Lögfræðistofa Íslands
Hátúni 6a
105 Reykjavík
Sími: 578-7804

Jón Sigurðsson, hrl.
JS lögmannsstofa
Lágmúla 7, 5. hæð
108 Reykjavík
Sími: 516-4000

Eyðublað

Ýmis eyðublað, s.s. umsókn
um undanþágu frá 12.gr. o.fl.

Umsókn um félagsdeild LMFÍ

Skráning á
LÖGMANNSLISTAN

Breytingar á vinnustað,
heimilisfangi, síma o.fl.

Fjárvörsluþjónustugætt 2014

*Munið að tilkynna breytingar á félagatali
Á beimasíðu LMFÍ er eyðublað til að senda inn tilkynningar um nýjan vinnustað
og aðrar breytingar fyrir félagsmenn*



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtubjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.

T
C
M TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is